



Nefndasvið Alþingis
b.t. velferðarnefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 16. maí 2022

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 97/2002 (einstaklingar sem flytjast til innan viðskiptafyrirtækis), 482. mál

Samtök atvinnulífsins (SA, samtökin) vísa til tölvupósts velferðarnefndar Alþingis frá 2. maí sl. þar sem óskað var umsagnar samtakanna um ofangreint mál.

Frumvarpið kveður á um breytingar á lögum um atvinnuréttindi útlendinga varðandi veitingu tímabundinna atvinnuleyfa til einstaklinga sem flytjast til innan viðskiptafyrirtækis með starfsstöð hér á landi. Með breytingunni er starfsfólkinu tryggð sömu réttindi og þeir sem fá tímabundin atvinnuleyfi á grundvelli 8. gr. laganna. Þar er meðal annars átt við að heimilt verður að veita nánustu aðstandendum þeirra dvalar- og atvinnuleyfi á grundvelli fjölskyldusameiningar.

Einkageirinn stóð fyrir 80% fjölgunar starfsfólks á árunum 2014-2019 en Íslendingar sinntu 20% af þeirri fjölgun. Lítil fjölgun innlends starfsfólks kallaði á stórfelldan innflutning erlendra starfsmanna á tímabilinu og var fjölgun háskólamenntaðra mest. Á næstu fjórum árum, árin 2022-2025, mun innlendu fólki á vinnualdri fjölga um 3.000 en störfum mun fjölga um hið minnsta 15.000. Þörf fyrir innflutning erlends starfsfólks verður mikil, a.m.k. 12.000 og langflestir þurfa að hafa háskólamenntun eða aðra sérmenntun sem atvinnulífið þarfnast. Sé gert ráð fyrir aðflutningi 12.000 starfsmanna á næstu fjórum árum má ætla að 80% þeirra muni hefja störf í einkageiranum og 20% hjá opinbera geiranum. Ef horft er til samsetningar aðfluttra starfsmanna á árunum 2015-2019 má ætla að rúmur helmingur verði háskólamenntaður. Árleg þörf á næstu árum fyrir innflutt starfsfólk með háskólamenntun verður því 1.600 manns. Stjórnvöld þurfa að bregðast við þessari þörf og laða starfsfólk með viðeigandi hæfni hingað til lands.

Sú breyting sem lögð er til með frumvarpinu er jákvætt skref í þá átt að laða til landsins sérfræðinga á vinnumarkaði en að mati SA þarf að ganga mun lengra í þessa átt. Enn er gert ráð fyrir samþykki Vinnuálastofnunar og rökstuðningi atvinnurekanda og því hætt við að ferlið verði þungt í vöfum. Þessa þroskulda þarf að afnema. Brýnt er að stjórnvöld marki í framhaldinu heildstæða stefnu til að liðka fyrir ráðningu erlends starfsfólks utan EES svæðisins þannig að brýnni þörf atvinnulífsins á næstu árum verði mætt. Áhrifaríkar aðgerðir í þessum málaflokki munu stuðla að aukinni hagsæld og velferð. Íslensk stjórnvöld ættu að horfa til Kanada þar sem skilningur ríkir um mikilvægi erlendra sérfræðinga í atvinnulífinu. Þar er unnið með virkum hætti að því



að afnema hindranir sem eru til staðar í regluverki til þess að gera umhverfið meira aðlaðandi fyrir erlenda sérfræðinga.

Aukin atvinnuréttindi útlendinga auðga menningu Íslendinga og hafa jákvæð áhrif á efnahag landsins. Það er mikill ávinningur fólgin í því að lagalegar hindranir sem mæta útlendingum sem kjósa að starfa hérlandis séu skoðaðar heildstætt og að leitað sé allra leiða til að draga úr þeim þar sem það er mögulegt.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins,

Heiðrún B. Gísladóttir

Heiðrún Björk Gísladóttir